

Minnisatriði dómara – Futsal nóv 2025

Markvörður

- Muna að markvörður hefur einungis 4 sek. með bolta á **eigin** vallarhelmingi, með höndum eða fótum.
- Eftir að markvörður sendir boltann frá sér í markkasti (knöttur úr leik) verður boltinn að snerta mótherja áður en markvörður má snerta boltann aftur á *eigin vallarhelmingi*.
- Eftir að markvörður sendir boltann frá sér í leik (kastar eða spyrnir) verður boltinn að snerta mótherja áður en markvörður má snerta boltann aftur á eigin vallarhelmingi.
- Markvörður má kasta á sjálfan sig úr útkasti, þ.e. þegar hann fær boltann í hendurnar og boltinn helst í leik (t.d. eftir varið skot).
 - ATH! Markvörður hefur þó einungis 4 sek með boltann á eigin vallarhelmingi, muna talninguna !
- Sýna talningu með að færa handlegg út til hliðanna (sjá neðst í skjali skýringamynd), ekki lengur talið með upprétta hönd. Teljið þegar markkast er framkvæmt og byrjað að telja um leið og markvörður er kominn inn í teig með vald á boltanum.
 - Markmaður sem tefur fyrir að hefja markkast getur verið spjaldaður fyrir leiktöf.

Innspyrnur

- Innspyrna er tekin frá þeim stað á hliðarlínunni þar sem boltinn fór útaf.
 - Verið snögg að beina leikmanni á réttan stað, muna 4 sek regluna !
 - Telja með því að færa handlegg út til hliðar og talning hefst þegar leikmaður er kominn á réttan stað með boltann (við fætur eða í höndum).
- Boltinn skal **vera á hliðarlínunni !**
 - ATH ekki er tekið neitt fram í lögnum hvar eða hvernig spyrnandinn staðsetur sig við töku innspyrnu að öðru leiti en hann einn má standa utanvallar. Gömlu reglurnar bönnuðum spyrnanda að stíga inná völlinn.
- Mótherjar skulu vera 5 m frá þeim stað þar sem innsparkið er framkvæmt.
 - Viðurlög (viljandi verið nær en 5 m og farið fyrir boltann) eru óbein aukaspyrna og áminning á brotlega leikmanninn.
- Mótherji fær rétt á boltanum við vitlaust framkvæmda innspyrnu.
- Ekki er hægt að skora beint úr innspyrnu.

Hornspyrna

- Muna að leikmenn hafa 25 cm hornboga í hornspyrnum (þó þeir séu ekki alltaf merktir).
- Mótherjar verða að vera 5 m frá hornboganum (þ.e. 5.25 m frá horninu).
 - Sé mótherji nær og fær boltann í sig skal hornspyrnan endurtekin ! (engin agarefsing).
- Sé leikmaður of lengi að taka hornspyrnuna, dæmist mótherja **markkast**.
 - Teljið með hönd út til hliðar, byrjið þegar leikmaður er kominn með boltann við hornið (þ.e. telst tilbúinn til að framkvæma spyrnuna).

Dropball/dómarakast

- Búið að samræma við nýju útfærsluna í 11 manna fótbolta.

Aukaspjrnur (beinar), uppsöfnuð brot og hagnaður

- Einungis beinar aukaspjrnur telja til uppsafnaðra brota. Dæmd vítaspjrna telur ekki til uppsafnaðra brota.
- **Varist að beita hagnaði**, nema ef um *upplagt marktækifæri* sé að ræða !.
 - Sé hagnaði beitt má alls ekki gleyma að gefa ritaraborði til kynna að um uppsafnað brot sé að ræða!.
- Hagnaði er að öllu jöfnu ekki beitt þegar brot leiðir til óbeinnar aukaspjrnur, enda sjaldan tilefni til.
- Þegar hámarksfjöldi uppsafnaðra brota hefur verið náð, er **besti hagnaðurinn** næstum alltaf fólgin í því að **dæma strax** á brotið, en ekki gefa merki um hagnað.
- Gefið ykkur tíma að stilla upp í vegg og flauta aukaspjrnur á ef ekki er möguleiki á hraðri framkvæmd spjrnunnar.
 - Séu tveir eða fleiri sem mynda vegg mega mótherjar ekki vera nær veggnum en 1 meter. Séu þeir nær þegar spjrnin er tekin er dæmd óbein aukaspjrna.
- Muna að telja 4 sek með hönd út til hliðar. (sjá skýringamyndir neðst í skjalinu).

Vítaspjrnur (6 m og 10 m)

- Í vítaspjrnunum (6 m) verður markmaður að vera á marklínu og aðrir leikmenn að vera fyrir aftan boltann, minnst 5 m frá.
- Í uppsöfnuðum vítum (10 m) má markvörður koma allt að 5 m að boltanum, annars sama framkvæmd og í venjulegum vítum.
 - Sé leikbrotið nær marki en 10 m vítapunkturinn, en þó ekki inn í teig, má liðið taka vítið frá þeim stað þar sem brotið var.
- Í báðum vítum (6 m og 10 m) verður að tilgreina spjrnandann áður en spjrnin er flautuð á.
- Aðeins er talið 4 sek í 10 m vítum.

Óbeinar aukaspjrnur

- Óbeinar aukaspjrnur innan vítateigs mótherjanna færast stystu leið út á vítateigslínuna.
- Mótherjar verða að vera 5 m frá boltanum.
- **BÁÐIR DÓMARAR** gefa óbeina aukaspjrnur til kynna með því að halda öðrum handlegg beinum upp fyrir höfuð.

Upphafsspjrna

- Aðeins spjrnandinn má vera á vallarhelming mótherjanna.
- Það **MÁ SKORA** beint úr upphafsspjrnunni.
- Mótherjar verða að vera 3 m frá bolta.

Hvað varðar leikbrot

- Futsal er íþrótt sem byggir upp á spili og hreyfanleika.
- Mun minna er því leyft af snertingum heldur en utanhúss !
 - Hafa þó í huga að snertingar eru eðlilegur hluti af leiknum.
- Hikið ekki við að dæma á leikmann sem notfærir sér litlar snertingar til að stugga við mótherja.
 - Leggið strax línurnar svo leikmenn fylgi þeim eftir.
 - Varnaleikurinn á að byggjast á því að pressa og halda stöðu, ekki *ýta, toga eða sparka*.
 - Oft mikið um litlar fótasnertingar (nart í fætur, lítilsháttar spörk), reynið eftir fremsta magni að halda slíku spili í lágmarki með því að dæma á það.
- **Rennitæklingar** eru leyfðar...
 - En hafið í huga að hlutverk er að vernda leikmennina, bæði þann sem rennir sér og mótherja hans.
 - Hikið samt ekki við að dæma beina aukaspyrnu/vítaspyrnu ef rennandinn snertir mótherja.
- **Mark í kjölfar þess að boltinn fer í hönd sóknarmanns.**
 - Ólíkt reglum í 11 manna bolta þar sem mark er dæmt ógilt sé skorað rakteitt eftir að boltinn fer í hönd samherja sóknarmanns sem skorar að þá stendur mark sem skorað er í futsal þrátt fyrir að boltinn fór í hönd samherja **EF hendin var metin sem óviljandi.**

Samstarf dómara

- Mikilvægt er að dómarnir séu meðvitaðir um staðsetningu meðdómara síns í gegnum leikinn.
- Dómarinn á þeirri hlið sem boltinn fer útaf í innspyrnu skal eftir fremsta megni vera kominn á staðinn þar sem spyrnan er framkvæmd
 - Meðdómarinn tekur sér stöðu í samræmi við staðsetningu spyrnunnar.
- Dómarinn á hliðinni á móti hornspyrnu skal taka sér stöðu við endalínu, dómarinn á þeirri hlið sem hornið er tekið fylgist með framkvæmd spyrnunnar í línu við ytra vítamerkið.
- Munið að þið vinnið eftir allri hliðarlínunni og þið eigið að hafa leikinn á milli ykkar eins mikið og þið getið.
- Gangið út frá því að sá dómari sem dæmir vítaspyrnu eða uppsafnaða vítaspyrnu sé sá sem flautar þá spyrnu á.
 - Hinn dómarinn tekur sér þá stöðu við endalínu
 - Gott að notast einnig við þessa skiptingu í aukaspyrnum.
- Ræðið samstarfið fyrir leikinn og hafið í huga að þið eigið að hlaupa mikið.
- Ekki gleyma samvinnu við ritaraborðið !
 - Varðar uppsöfnuð brot, rétta markatölu og réttan leiktíma.
- Og umfram allt....
 - Kynnið ykkur reglur leiksins ítarlega
 - Og.... **Hafið gaman af leiknum !**

Merkjagjöf

- Upphafsspyrna, beina aukaspyrna, víti.

SIGNALLING

Referee and Other Match Official Signals

The referees must give the signals detailed below, bearing in mind that most of the signals need only be made by one of the referees, but one signal must be made by both referees at the same time.

The assistant referees must give the signals for a timeout and the fifth accumulated foul.

1. Signals by at least one of the referees



Kick-off/restart of play



Direct free kick/penalty kick (Option 1)



(Option 2)

- Innspyrna, hornspyrna, markkast.



Kick-in (Option 1)



(Option 2)



Corner kick (Option 1)



(Option 2)



Goal clearance (Option 1)




(Option 2)

- 4 sek talning.

Four-second count



(Step I)



(Step II)



(Step III)



(Step IV)



(Step V)